

Fundur stjórnar KRAFT með formönnum kraftlyftingafélaga eða staðgenglum þeirra var haldinn í íþróttamiðstöðinni í Laugardal mánudaginn 21.maí 2012. Boðið var upp á pízzu og gos.

Mætt: María Guðsteinsdóttir – Ármanni, Magnús Örn Guðmundsson – Kraftlyftingafélag Seltjarnarness, Herbert Eyjólfsson – Massi, Kristinn Óskar Grétuson – Kraftlyftingafélag UMFSTK, Aron Lee Du Teitsson – Gróttu, Fannar Dagbjartsson – Breiðablik, Rósa Birgisdóttir – Selfoss, Sturlaugur Gunnarsson – Akranes, Grétar Hrafnsson – landsliðsþjálfari, Sigurjón Pétursson – formaður KRAFT, Guðjón Hafliðason – varaformaður KRAFT, Kári Rafn Karlsson – gjaldkeri KRAFT, Gry Ek – ritari KRAFT.

Sigurjón setti fundinn og óskaði mönnum velkomna. Hann kynnti efni fundarins, afreksstefnu Kraftlyftingasambandsins. Styrkveitingar ÍSÍ verður framvegis háð því að sérsamböndin hafi markað sér afreksstefnu.

Drög stjórnarinnar að stefnu voru lesin. Fundarmenn gerðu athugasemdir sem stjórnin tekur til greina í framhaldinu. Fundurinn samþykkti drögin með þessum áorðnum breytingum og fól Gry og Guðjóni að ganga frá skjalinu endanlega. Það verður svo birt á kraft.is

Sigurjón þakkaði stjórnarmönnum fyrir þeirra vinnu við afreksstefnu. Hann þakkaði Grétari fyrir mikla sjálfboðavinnu að landsliðsmálum. Hann þakkaði fundarmönnum fyrir góðar umræður og sleit fundi kl. 21.10.

Fundarritari: Gry Ek